

**Brjef fjármálaráðuneytisins til sýslumanna og bæjarfógeta, um tollmerki á tóbaksvörur.** **64**  
26. nóvbr.

Hjermeð eru yður, herra sýslumaður, sendar birgðir af tollmerkjum til álímingar á umbúðir allra tóbakstegunda samkvæmt 2. gr. laga nr. 48/1925, og ber yður samkvæmt fyrirmælum nefndrar lagagreinar að sjá um framkvæmd á ákvæðum hennar frá 1. jan. næstkomandi að telja.

Álímingu tollmerkjanna ber að haga eftir þessum reglum:

1. Tollmerkin skal líma á umbúðir hinna smæstu eininga, sem ætlaðar eru til afhendingar í smásölu, t. d. á hverja öskju af vindlingum, hvern vindlakassa, hvert stykki eða pakka af tóbaki. Tollmerkið skal eftir því sem unt er líma þannig á umbúðirnar, að það rifni eða skáddist, þegar umbúðirnar eru opnaðar. Ekki ber að líma tollmerki á einstaka vindla eða vindlinga, sem seldir eru í sölubúð úr tollmerktum kössum eða öskjum.

2. Allar tóbaksbirgðir, sem kaupmenn kunna að hafa fyrirbyggjandi hinn 1. janúar 1926, skal merkja með tollmerkjum á þann hátt, sem áður nefnd lög áskilja. Þó er heimilt, að þær tóbaksvörur, sem eru merktar „Landsverslun Íslands“ með þeim merkjum, er tóbakseinkasala ríkissjóðs hefir gera lát-ið, megi vera til sölu ótollmerktar til 1. júlí 1926.

3. Innflytjendur tóbaks og kaupmenn er selja tóbak, eru skyldir til án endurgjalds að láta lögreglustjórnum í tje sjerhverja aðstoð, sem óskað er eftir, við tollmerkingu á tóbaksvörum þeirra.

4. Nú getur lögreglustjóri eigi sjálfur eða fastir starfsmenn hans verið viðstaddir við tollmerkingu á tóbaksvörum og er honum þá heimilt að fela umsjón verksins trúverðugum manni á kostnað hlutaðeigandi verslunar, enda úrskurði lögreglustjóri reikning um slíkan kostnað ef til ágreinings kemur. Heimilt er lögreglustjóra einnig ef áreiðanlegt verstlunarhús sannar fyrir honum með innkaupsreikningi hve mörg tollmerki þurfi á tiltekna tóbakssendingu, er það fær, að afhenda firmanu rjetta tölu tollmerkja til álímingar gegn drengskaparheiti forstöðumanns um að tollmerkin verði öll notuð til álímingar á hina umræddu sendingu samkvæmt lögum og fyrirmælum hjer að framan, enda annist þá firmað sjálf álíminguna að öllu leyti.

Jafnframt vill ráðuneytið brýna fyrir yður að hafa nákvæmar gætur á því frá næstu áramótum hvort tóbaksvörur finnast, sem ekki eru merktar tollgreiðslumerki og að áminna hreppstjóra og lögreglumenn um að hafa einnig nákvæmar gætur á þessu og kæra tafarlaust fyrir yður ef vart verður við slíkt, til þess að hlutaðeigandi verði látinn sæta ábyrgð eftir því sem við á samkvæmt 3. gr. áður nefndra laga eða samkvæmt ákvæðum tolllaganna.